

Samantekt á þeim svörum sem okkur bárust:

1. Hvert yrði ykkar framlag í baráttu fyrir réttindum og þátttöku fólks á einhverfurófinu?

Flokkur fólksins

Flokkur fólksins mun, komist hann til áhrifa á Alþingi, standa að því að bæta réttindi og þátttöku fólks á einhverfurófi á sem flestum sviðum samfélagsins, til dæmis með því að greiða götu þeirra í skólakerfinu og efla aðstoð á vinnustað. Flokkur fólksins vill að fjölgun verði á NPA (notendastýrð persónuleg aðstoð) samningum. Margir eru á biðlista eftir NPA samningum hjá sveitarfélögum. Síðustu tvær ríkisstjórnir hafa ekki staðið sig nægilega vel í þessu að mati Flokks fólksins, hafa t.d. ekki staðið við eldri fyrirheit í tengslum við NPA samningana.

Framsóknarflokkurinn

Börn á einhverfurófi njóta góðs af nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þjónustan á að taka meira mið af þjónustubörf en greiningu eingöngu og þjónustan verður heildstæðari þar sem fagfólk vinnur saman að þjónustu við barnið en ekki hvert í sínu horni.

Fyrir fullorðna á einhverfurófi er mikilvægt að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Til þess að geta klárað það verkefni stendur út af að setja á fót sjálfstæða Mannréttindastofnun, en starfshópur um stofnun hennar hefur verið að störfum undanfarið og ætti að skila niðurstöðu fljótlega.

Píratar

Aðaláhersla Pírata frá stofnun 2012 hefur verið að standa vörð um og efla borgararéttindi og tryggja réttindi og hagsmuni hinna valdaminni gagnvart hinum valdameiri. Grunnstefna flokksins, sem allar okkar stefnur og ákvarðanir byggja á, hvílir á þessari áherslu. Samfélagið okkar í dag er, þrátt fyrir framfarir síðustu áratuga, litað af læknisfræðilegum nálgunum í þjónustu við fólk og sér í lagi fatlað fólk. Við höfum ítrekað kallað eftir því að í kjölfar lögfestingar Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, laga um þjónustu við fatlað fólk og langvarandi stuðningsþarfir og Barnasáttmálans verði þeim fylgt eftir í heild sinni en ekki einungis að hluta og með flóknum takmörkunum, biðlistum og skorti á sérfræðiþekkingu líkt og nú er.

Meðal þeirra framkvæmda sem Píratar vilja ráðast í eru að stofna embætti umboðsmanns sjúklinga sem verði eftirlitsaðili og upplýsingamiðlari fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra.

Hlutverk umboðsmanns sjúklinga verði jafnframt að aðstoða og leiðbeina varðandi réttindi notenda og veita kerfinu aðhald fyrir hönd sjúklinga, aðstandenda og notenda heilbrigðisþjónustu. Jafnframt að notendur heilbrigðiskerfisins njóti ákvörðunarréttar síns, upplýsinga varðandi meðferðarúræði sín og verði þátttakandi með beinum hætti í eigin heilbrigðisþjónustu.

Píratar hafa jafnframt beitt sér fyrir því að fatlað fólk geti ætíð fengið viðunandi þjónustu óháð búsetu og fötlun og að stoppað sé í aðgengisgötin. Notendur séu settir í fyrsta sæti og þjónusta og aðstoð byggð á sérfræðiþekkingu, út frá forsendum og þörfum notenda.

Samfylkingin

Samfylkingin ætlar að lögfesta sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks og stofna sjálfstæða mannréttindastofnun. Þetta yrði ein stærsta réttarbót í sögu fatlaðs fólks á Íslandi. Við erum fylgjandi menntakerfi sem tryggir öllum jöfn tækifæri og ætlum að styrkja nýsköpun og þróunarstarf í menntamálum, efla stoðþjónustu við kennara og nemendur og bæta aðgengi að sálfræðingum, félagsráðgjöfum og annarri stuðningsþjónustu í skólum. Við vitum að ofbeldi gegn fötluðu fólki er algengt og alvarlegt mál, við ætlum að ráðast í úrbætur fyrir þolendur og stofna Ofbeldisvarnarráð þar sem sérstaklega væri tekið utan um jaðarsetta hópa.

Sósíalistaflokkurinn

Við sósíalistar viljum byggja upp samfélag sem hentar þörfum allra. Eins og staðan er í dag þá skortir samkennd, mannvirðingu og jöfnuð inn í svo margt sem endurspeglast í því að samfélagið er ekki hannað fyrir okkur öll. Við viljum byggja upp samfélagið út frá þörfum þeirra sem mest þurfa á því að halda. Stefna okkar er að snúa okkur að þeim sem litið hefur verið fram hjá í stefnumótun og skipuleggja kerfin og þjónustuna út frá þörfum og væntingum þeirra. Það er okkar sem stjórnmalafólks að hlusta og bregðast við. Löng bið eftir þjónustu og greiningu og skortur á stuðningsúrræðum og skilningsleysi er það sem við viljum berjast gegn. Okkar markmið er að tryggja að við fáum öll að taka þátt í samfélaginu á okkar eigin forsendum og að samfélagið, t.a.m. stofnanir aðlagi sig að fjölbreyttum þörfum fólks en að fólki sé ekki gert að aðlagja sig að útilokandi kerfum og stefnum.

Við sósíalistar viljum hverfa af braut þeirri róttækri einstaklingshyggju sem hefur mótað samfélagið og birtist helst í hugmyndafræðinni um að „hver sé sinnar gæfu smiður“. Við þurfum að efla samfélagsheildina og tryggja að grunnstoðir samfélagsins nái að mæta fjölbreyttum þörfum fólks.

Viðreisn

Viðreisn telur mikilvægt að hér þrífist samfélag fjölbreytileikans. Að öll fái jöfn tækifæri til að vaxa og dafna á eigin forsendum og grípa þau tækifæri sem samfélagið býður upp á. Börn eiga ekki að bíða eftir nauðsynlegri greiningu eða þjónustu. Samþætta þarf alla þjónustu og tryggja að einstaklingsmiðuð nálgun á milli kerfa sé í forgrunni. Viðreisn leggur áherslu á að fjarlægja þær hindranir sem standa í vegi þess að tryggja mannréttindi og samfélagsþátttöku fatlaðs fólks. Jafnframt er mikilvægt fyrir samfélagið okkar allra að það sé nægt framboð af hlutastörfum fyrir fatlað fólk og þar á hið opinbera að vera leiðandi.

Vinstri grænir

Í velferðarstefnu VG kemur fram að batahugmyndafræðin skuli höfð að leiðarljósi í allri geðheilbrigðisþjónustu og að samfélagsgeðþjónustu þurfi að stórefla. Lögð er áhersla á að heilbrigðisþjónusta sé gjaldfrjáls. Þá segir í kosningaáherslum VG að halda þurfi áfram að byggja upp geðheilbrigðisþjónustu um land allt. Það þurfi jafnframt að byggja upp raunverulegar forvarnir í geðheilbrigðismálum og bregðast við kvíða ungs fólks með bættum úrræðum og samráði við unga fólk.

Á þessu kjörtímabili hafa verið stigin ýmis skref í rétta átt í þessum efnum. Komugjöld á heilsugæslu hafa verið lækkuð eða felld niður, sálfræðingum á heilsugæslum hefur verið fjölgað og nýlega ráðstafaði heilbrigðisráðherra meira en 100 milljónum króna í tiltekin þverfagleg átaksverkefni til að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungt fólk. Meðal verkefnanna eru gagnreynd námskeið í félagsfærni hjá BUGL, fjölgun greiningarviðtala hjá BUGL fyrir börn með mögulega röskun á einhverfurófi samfara öðrum geðrænum vanda til að stytta bið eftir greiningu, auk markvissra aðgerða til að stytta bið eftir þjónustu þunglyndis- og kvíðateymis geðþjónustu Landspítala, þjónustu átröskunarteymisins og þjónustu áfallateymisins.

2. Hvað ætlar þinn flokkur að gera til þess að bæta aðgengi að greiningu og eftirfylgni?

Flokkur fólksins

Flokkur fólksins mun gera allt sem í hans valdi stendur til þess að bæta aðgengi að greiningu og eftirfylgni. Fjölga þarf fagfólki því biðlistar í greiningu eru í sögulegu hámarki. Flokkur fólksins vill þess utan styrkja námsbrautir og nemendur til að mennta sig enn frekar í fræðum um einhverfu. Fjölga þarf stöðum þar sem greining og eftirfylgni fer fram.

Þess má geta að á framboðslista Flokks fólksins er sálfræðingur með sérfræðiviðurkenningu Heilbrigðisráðuneytis í klínískri sálfræði og hefur sinnt greiningum þ.m.t.

einhverfugreiningum í meira en 30 ár. Ekki hefur fengist fjármagn frá ríkinu til að leggja í rannsóknir og uppfærslu staðlaðra greindarprófa og annarra þroskaþrófa þ.m.t.

einhverfuprófa/kvarða. Flokkur fólksins gerir sér því góða grein fyrir vandamálinu og harmar áhugaleysi stjórnvalda að hunsu mikilvægar rannsóknar í tengslum við greininga á einhverfu. Það er alvarlegt ef einstaklingur fær ranga greiningu og getur slíkt dregið langan dilk á eftir sér. Komist Flokkur fólksins til áhrifa á Alþingi munu þingmenn hans beita sér af krafti fyrir að bæta aðgengi að greiningu og eftirfylgni.

Framsóknarflokkurinn

Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna færa alla þjónustu sem þessu tengist mun nær börnum, inn í þeirra nærumhverfi. Á heilsugæslum og í skólum og á fleiri stöðum sem börn sækja reglulega mun starfa tengiliður frá því að lögin taka gildi um áramótin. Þessi tengiliður sér um að vera í samskiptum við börn og forráðamenn þeirra í þeim tilgangi að tryggja að þau fái greiningu og þjónustu við hæfi. Tengiliður getur fært mál upp á annað eða þriðja þjónustustig, eftir atvikum, og þá til málstjóra sem hefur yfirumsjón með samþættingu þjónustunnar og öll eftirfylgni verður þá önnur og betri. Á komandi kjörtímabili mun svo Framsókn leggja áherslu á úrræði í málefnum barna og tryggja að eftirfylgni sé ásættanleg.

Píratar

Greiningar- og ráðgjafamiðstöð hefur ekki getað annað þeim börnum sem vísað er til þeirra. Það er afleitt, því forgangsröðun og frávisanir hafa djúpstæð áhrif á þroska, lífsgæði og samfélagsþátttöku barna á einhverfurófi og börnum með hamlandi frávik í þroska - sem flest eru með takmarkað aðgengi að samfélaginu og þjónustu. Þjónustu við einstaklinga á einhverfurófi og með hamlandi frávik í þroska þarf að byggja upp á heilsugæslustöðvum, skólum og í annarri starfsemi sveitarfélaga - sem ríkisvaldið getur stutt við. Afleiðingar á

skertu aðgengi og skorti á sérfræðisþjónustu og greiningum vegna biðtímans og frávísunum hafa verið alvarlegar. Mörg á einhverfurófinu hafa hreinlega verið jaðarsett.

Í fyrrnefndri grunnstefnu Pírata er kveðið skýrt á um að allir hafi rétt til að koma að ákvarðanatöku um málefni sem varða þá. Þess vegna munum við horfa sérstaklega til þeirra fjölda umsagna sem Einhverfusamtökin og önnur hagsmunasamtök hafa sent Alþingi um þingmál sem lúta að þjónustu við einstaklinga á einhverfurófi og fötluðu fólki. Við teljum umsagnirnar vera mikilvægar og forsendur fyrir upptöku nýrra laga, reglugerða og þjónustu í málaflokknum.

Samfylkingin

Eitt af stóru áherslumálum Samfylkingarinnar er að útrýma biðlistum, sem einkenna heilbrigðiskerfið okkar sem er undirfjármagnað og löngu komið að þolmörkum. Við vitum að á bak við hvert nafn á biðlista eftir heimsóknnum til sérfræðinga og viðtölum við sálfræðinga og geðlækna, eftir greiningu og aðstoð, eru fjölskyldur sem þurfa lausn á sínum vanda.

Samfylkingin ætlar m.a. að:

- ráðast í aðgerðir gegn undirmönnun,
- stytta biðlista,
- ráðast í þjóðaráttak í geðheilbrigðisþjónustu um allt land,
- gera geðheilbrigðisþjónustu að hluta af almenna heilbrigðiskerfinu,
- byggja nútímalegar geðdeildir og vinna markvisst niður biðlista barna og ungmenna eftir nauðsynlegri þjónustu,
- innleiða gjaldfrjálsa sálfræðisþjónustu fyrir börn og ungmenni,
- nýta betur fjármagn sem veitt er til heilbrigðismála með eflingu innri endurskoðunar hjá hinu opinbera auk stýringar, samræmingar og skilvirkara eftirlits með ólíkum þáttum heilbrigðiskerfisins
- greiða allan ferðakostnað innanlands vegna nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu við fólk fjarri heimabyggð.

Sósíalistaflokkurinn

Við viljum auka fjármagn til heilbrigðis- og velferðarþjónustu í heild sinni og að reksturinn sé opinber. Þá er mikilvægt að gjöld fyrir opinbera grunnþjónustu séu afnumin til að tryggja gjaldfrjálsa þjónustu. Í þessu samhengi mætti nefna Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem sinnir þjónustu og greiningu við börn 18 ára og yngri. Biðin þar hefur verið mjög löng og mikilvægt er að tryggja nægt fjármagn til hennar til að vinna gegn biðlistum og aðgengi að þjónustu.

Stefna okkar kveður á um að öll börn eiga rétt á stuðningi og aðstoð í skóla óháð því hvort þau eru á biðlista eftir greiningu eða ekki. Það er mikilvægt að öll stuðnings- og aukakennsla sé á vegum skólanna svo foreldrar þurfi ekki sjálfir að koma börnum sínum til og frá fagaðila á skóla/vinnutíma.

Aðgengi að heilbrigðisþjónustu þarf einnig að vera til staðar og hér skal tekið fram að heilbrigðisþjónusta nær til: líkamlegs, tilfinningalegs og geðræns heilbrigðis. Sósíalistar leggja áherslu á að á Íslandi verði gjaldfrjáls heilbrigðisþjónusta rekin af skattfé borgaranna svo að allir fái þá þjónustu og þann stuðning sem þau þurfa á að halda, þegar þau þurfa á honum að halda.

Það dugar ekki að segja að fólk eigi rétt á þeirri gjaldfrjálsri þjónustu sem það þarf á að halda þar sem það býr, hér þarf líka að nefna mikilvægi byggðarstefnunnar. Sósíalistar hafa sett fram sínar hugmyndir um slíkt, þar sem áhersla er á að snúa hugmyndafræði nýfrjálshyggjutímabilsins við. Þar hefur áhersla á samþjöppun og skilvirkni haft slæm áhrif á þjónustu í byggðum, m.a. á heilbrigðisþjónustu. Sósíalistar leggja áherslu á að þjónusta verði byggð upp í byggðum landsins en að kerfið einkennist ekki af miðstýrðri einingu. Nýta má tæknilausnir þar sem það á við. Höfuðáherslan er sú að fólk geti sótt sér þjónustu þar sem það býr og að sú þjónusta sé gjaldfrjáls.

Viðreisn

Það ástand sem hefur skapast hér á landi í greiningu og eftirfylgni er óboðlegt. Það er að mati Viðreisnar nauðsynlegt að draga úr þeim bráðavanda sem langir biðlistar skapa í heilbrigðis- og velferðarkerfinu okkar. Það er fátt dýrara fyrir samfélagið en að láta fólk, og ekki síst börnin okkar bíða eftir nauðsynlegri þjónustu.

Vinstri grænir

Mikilvægt er að bið eftir greiningu sé sem styst og má ekki vera íþyngjandi fyrir fólk. Á kjörtímabilinu sem er að líða hefur greiningarviðtölum verið fjölgað en halda þarf áfram á þeirri braut á næsta kjörtímabili.

3. Hvað telur þinn flokkur að sé ásættanleg bið eftir greiningu?

Flokkur fólksins

Biðlistar eftir greiningu og allri aðstoð eru í sögulegu hámarki sem er með öllu ólíðandi. Fjöldinn allur bíður í marga mánuði og jafnvel ár. Á meðan bíður viðkomandi og aðstandendur í óvissu og angist. Flokkur fólksins vill uppræta biðlista. Börn eiga ekki að þurfa að bíða eftir að fá greiningu og að fenginni greiningu á að fylgja strax í kjölfarið markviss meðferð, þjálfun og eftirfylgni. Flokkur fólksins getur ekki sætt sig við að samfélag eins og okkar sem er gjöfult samfélag sé haldið þessu biðlistameini. Skýringar stjórnvalda hafa iðulega verið „mannekla“. Til að hægt sé að ráða fleira fagfólk þarf aukið fjármagn. Fjármagni er ekki forgangsraðað í þágu fólksins. Börn með raskanir eða önnur vandamál sem þarfnast meðhöndlunar hafa ekki verið sett í forgang. Þetta kjörtímabil hefur nákvæmlega ekkert verið gert til að eyða biðlistum. Spurt er um hvað flokkurinn telur vera ásættanlega bið eftir greiningu. Svar Flokks fólksins er að eftir að umsókn berst, verði biðin ekki lengur en 2-3 vikur í mesta lagi.

Framsóknarflokkurinn

Þar sem ný hugsun í málefnum barna byggir á því að greining sé ekki lykillinn að þjónustu, heldur þjónustuþörfin, skiptir greining ekki eins miklu máli. Hins vegar er mikilvægt að greining fari fram í margþættum tilgangi, en þjónusta verður veitt hvort sem greining liggur fyrir eða ekki.

Bið eftir greiningu er hins vegar of löng, það er staðreynd. Framsókn leggur til þjónustutryggingu sem er þannig sköpuð að ef hið opinbera getur ekki veitt nauðsynlega þjónustu innan eðlilegs tímafrests (sem er ekki í boði núna) greiðir hið opinbera fyrir aðgang að greiningu innan einkageirans.

Þá má einnig nefna að félags- og barnamálaráðherra hefur veitt aukafjármunum til t.d. Greiningar- og ráðgjafarstöðvar til þess að vinna á biðlistum en fjármagninu var skilað vegna skorts á fólki til starfa. Félags- og barnamálaráðherra hefur t.d. gert samning um styrk við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands til að styrkja kennslu og fjölga fagfólki innan þeirrar stéttar. Allt þetta spilar inn í að breyta biðlistaumhverfinu til langframa.

Píratar

Samkvæmt stjórnáskilum ber ábyrgðaraðilum að veita svör við umsóknum innan tiltekins tíma, auk þess sem að þjónustan sem sótt er um hefjist innan ákveðins tímaramma. Þau ákvæði í lögum hafa hins vegar ekki orðið til þess að sveitarfélög og stofnanir hafi fylgt þeim eftir. Það er því ljóst að lög ein og sér nægja ekki. Veita þarf stjórnvöldum aðhald og búa svo um að þau geta ekki framlengt bið eftir þjónustu, lengt biðtíma og vísað einstaklingum frá. Forgangsröðun út af fyrir sig er mikilvæg svo að einstaklingar með þörf á bráðþjónustu komist umsvifalaust að.

Forgangsröðun á þó ekki að vera afleiðing þess að ekki sé unnt að veita viðeigandi aðstoð og þjónustu. Sérfræðiráðgjöf til stjórnvalda um afleiðingar biðtíma, frávísana og skerts aðgengis er stærsti þátturinn í að tryggja velferð þeirra sem þurfa á þjónustu að halda.

Samkvæmt stefnu Pírata um aðgengi og þjónustu þá höfum við lagt áherslu á að til staðar sé raunverulegt samráð. Því er okkar svar um ásættanlegan biðtíma að slíkur tími, ef einhver er, verði metinn í samráði við þau sem hafa sérfræðipækkinguna. Það nægir ekki að tryggja einstaklingum aðgengi að þjónustu á sem skemmstum tíma heldur einnig að þjónusta sé samfelld. Áhersla þarf að vera á orsakir og skaðaminnkandi þætti í stað þess að takast á við afleiðingar skertrar þjónustu og viðeigandi aðstoðar. Það er einfaldlega ódýrara að fyrirbyggja skaðann en að takast á við afleiðingarnar síðar.

Samfylkingin

Biðlistar verða ekki fjarlægðir með einu pennastriki heldur þarf raunverulegar aðgerðir sem Samfylkingin treystir sér til þess að ráðast í. Markmiðið er að lengd biðar eftir þjónustu sé á bilinu 6-8 vikur en ekki 24 mánuðir eins og nú er.

Sósíalistaflokkurinn

Ekki sú bið sem er núna og sem er sköpuð vegna aðstæðna sem er hægt að laga. Hér er um að ræða þætti eins og þörf á auknu fjármagni í opinberu kerfin okkar, nauðsynlegt er að tryggja að nægilega margt starfsfólk sé til staðar til að veita þá þjónustu sem um ræðir, þar þarf að skoða launamál og starfsaðstæður og tryggja að þær séu góðar svo að starfsmannaskortur sé ekki til staðar. Nauðsynlegt er að vinna gegn fjármagnsskort, skorti á fagfólki og tryggja að félagsþjónusta sveitarfélaga hafi öll þau tæki og tól sem þörf er á vegna forgreiningar og stuðnings, til að tryggja að enginn sé að bíða í þann tíma sem við sjáum í dag. Þegar þessir þættir eru tryggðir ætti biðin ekki að vera eins og hún er í dag því enginn ætti að líða vegna skorts í grunnkerfum okkar.

Með því að tryggja að grunnurinn sé í lagi, þá á fólk að fá tíma innan ásættanlegra viðmiða. Án þess að geta sagt nákvæmlega til um hver hann er, þá skal tryggja velferðar- og heilbrigðiskerfinu nægilegt fjármagn svo enginn upplifi sem svo að hann mæti lokuðum dyrum.

Viðreisn

Það er að sjálfsgöðu ákveðið ferli að hefja greiningu. Og það mun taka tíma að vinda ofan af því kerfi sem nú er við líði. Við þurfum fleiri hendur á dekk og tryggja viðunandi starfsskilyrði innan kerfisins. Við verðum að verja auknu fjármagni í þessa fyrirbyggjandi þætti. En það er erfitt að segja hver ásættanleg bið ætti að vera, markmiðið á auðvitað að vera að frá því að grunur um einhverfu á sér stað líði ekki margar vikur áður en viðkomandi er kominn með fyrsta tíma. Það er í þessu skyni hægt að líta til þess hvernig megi straumlínulaga ferlið og gleyma því ekki að hafa fólkið í forgrunni.

Vinstri grænir

Mikilvægt er að bið eftir greiningu sé sem styst og má ekki vera íþyngjandi fyrir fólk. Á kjörtímabilinu sem er að líða hefur greiningarviðtölum verið fjölgað en halda þarf áfram á þeirri braut á næsta kjörtímabili.

4. Hvaða leiðir myndi þinn flokkur fara til að bæta aðgengi einhverfra að geðheilsuteymum? Eins og staðan er í dag þá er algengara en ekki að fólki á einhverfurófi sé vísað frá geðheilsuteymunum sökum þekkingarskorts starfsfólks.

Flokkur fólksins:

Flokkur fólksins tekur undir að eins og staðan er í dag þá er algengara en ekki að fólk á einhverfurófi sé vísað frá geðheilsuteymum. Þetta er óásættanlegt. Flokkur fólksins vill að sett verði í þennan málaflokk það fjármagn sem þarf til að gera þjónustuna ekki aðeins viðunandi heldur fullnægjandi.

Flokkur fólksins vill að lagðir verði fjármuni til að styrkja fólk í geðheilsuteymum til að afla sér menntunar um einhverfu og skyldar fatlanir. Skoða þarf nám og starfsbrautir bæði í framhaldsskólum og háskólum varðandi sérstaka menntun um einhverfu. Aftur er þetta spurning um hvernig fjármagni er útdelt og að mati Flokks fólksins hefur fólkið og þjónusta við það ekki verið sett í forgang. Flokkur fólksins vill útdela fjármagni með öðrum hætti og þá þannig að Fólkið og þarfir þess séu ávallt í fyrsta sæti. Fólkið fyrst – og svo allt hitt!!

Píratar

Í samræmi við stefnu okkar um að stoppa í aðgengisgötin þá viljum við að lagalegum skuldbindingum hins opinbera sé fylgt eftir í framkvæmd. Tryggja þarf aðgengi allra að geðheilbrigðisþjónustu og sér í lagi þeirra sem hafa fallið á milli kerfa eða hafa skort aðgengi að sérhæfðri þjónustu. Þar á meðal eru einstaklingar á einhverfurófi og með hamlandi frávik í þroska.

Þjónusta á landsbyggðinni er skert og aðgengi að sérfræðiþekkingu á einhverfurófsröskunum mjög ábótavant utan Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins. Aðgengi þarf að tryggja og þekking starfsfólks vera til staðar á þeirri flóknu fötlun sem einhverfa er.

Uppfærð lög um sjúkratryggingar og niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu var mikilvægur áfangi og þörfin fyrir þeirri lagabreytingu verið mikil árum saman. Björninn er þó ekki unninn. Til þess að uppfylla markmið laganna þá þurfa að vera til staðar sérfræðingar á einhverfurófsröskunum. Lífsnauðsynlegur skortur hefur verið á þeim sérfræðingum um árabíl.

Í kosningastefnu Pírata má finna sérstakan kafla um geðheilbrigðismál, þar sem við útlistum hvað við teljum að þurfi að gera til að hlúa vel að málaflokknum. Við leggjum mikla áherslu á geðheilbrigðismál, því eins og segir í stefnunni okkar: Við Píratar lítum á geðheilbrigði sem eina af grunnstoðum samfélagsins. Geðheilbrigði varðar ekki einungis heilsu og velferð einstaklingsins heldur er geðheilbrigði ákveðinn mælikvarði á heilbrigði samfélagsins sem við búum í.

Samfylkingin

Það er ótækt að fólki sé vísað frá nauðsynlegri geðheilbrigðisþjónustu vegna fötlunar sinnar. Tryggja þarf ráðgjöf og fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk almennt, til þess að takast á við vandamálið nú, en til lengri tíma er ljóst að mennta þarf heilbrigðisstarfsfólk, þ.m.t. sálfræðinga og geðlækna, sem sérhæfa sig í þjónustu við fólk með einhverfu og skyldar fatlanir.

Sósíalistaflokkurinn

Við viljum vitundarvakningu þar sem unnið er út frá slagorðinu „Ekkert um okkar án okkar“ og að leitað verði samvinnu við þá sem málin varðar. Í þessari leið verði samvinna við notendahópa tekin upp, þannig að öll áætlunargerð í þjónustuveitingu miði út frá fjölbreytileika þeirra sem treysta á þjónustuna. Hér er mikilvægt að nefna að fólk er fjölbreytt og við höfum ólíkar leiðir við að koma skoðunum okkar á framfæri og nauðsynlegt er að unnið sé út frá því.

Viðreisn

Viðreisn hefur fylgst vel með umræðunni um aðgengi einhverfra að geðheilsuteymum. Því miður er það svo að geðheilsuteymin eru ekki ætluð öllum eins og einhverfusamtökin hafa bent réttilega á. Viðreisn telur þetta vera alvarlega mismunun á grundvelli fötlunar og ekki til eftirbreytni. Viðreisn leggur áherslu á að það sé ekki réttlætjanlegt undir neinum kringumstæðum að mismuna fólki. Sérstaklega þarf að horfa til einhverfra einstaklinga sem eru 18 ára eða eldri, sem oft hafa þurft að leita til sjálfstætt starfandi sálfræðinga til að greiða háar upphæðir fyrir greiningar. Viðreisn lagði fram frumvarp og kom því í gegn á Alþingi að niðurgreiða ætti sálfræðiþjónustu hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum. Slíkt myndi auka aðgengi þessa hóps að úrræðum. En á sama tíma telur Viðreisn mikilvægt að tryggja aðgengi einhverfra að geðheilsuteymum.

Vinstri grænir

Einhverfa á ekki að vera frávísunarsök frá þjónustu geðheilsuteyma. Mikilvægt er að tryggja aðgengi allra að geðheilbrigðisþjónustu.

5. Hvaða tillögur hefur flokkurinn sem stuðla að aukinni fræðslu og þekkingu á einhverfu fyrir íslenskt samfélag?

Flokkur fólksins

Flokkur fólksins, komist hann til áhrifa á Alþingi, mun standa að tillögum sem lúta að því að fá fagaðila á sviði einhverfu til að útbúa til dæmis vandaða sjónvarps- og útvarpsþætti fyrir

almennig þar sem fjallað er um fötlunina einhverfu og hvernig er hægt að þjónusta einhverfa á þeirra forsendum. Gæta þarf þess að hafa ávallt fullt samráð við þjónustuþega en Flokki fólksins finnst sem fullnægjandi samráð við þann sem á að þjónusta hafi engan vegin verið nógu gott. Það er mikilvægt að þjóðin þekki vel til einhverfu-fötlunar enda getur hún birst í mörgum myndum. Einhverfurófið er langt róf ef svo má að orði komast. Fræða þarf nemendur um þessa fötlun sem aðra strax í grunnskóla. Foreldrar barna sem vísbendingar eru um að séu með einhverfu eða á einhverfurófi þurfa að fá miklu þéttar utan um hald, fræðslu og stuðning.

Píratar

Upplýsingar eru grunnforsenda þess að fólk geti aflað sér þekkingar. Margþætt upplýsingamiðlun í samfélaginu er því nauðsynleg til aukinnar fræðslu og þekkingar. Slík fræðsla getur átt sér stað víðs vegar í samfélaginu, ekki síst til nemenda í skólum sem mun skila sér í upplýstara viðhorfi til framtíðar

Við viljum tryggja heilnæmt og öruggt umhverfi fyrir alla nemendur og aðgengi að námi fyrir öll, óháð aðstæðum þeirra. Við viljum sérstaklega gæta að aðgengi fatlaðs fólks að námi og koma í veg fyrir að nemendum á einhverfurófi og öðrum flóknum fötlunum sé hafnað á grundvelli fötlunar sinnar, á þeim forsendum að nauðsynlegan stuðning og þekkingu skortir innan skólanna.

Til þess þarf að tryggja sérfræðimenntað fólk í menntastofnunum og nemendur fái viðeigandi stuðning frá upphafi skólagöngu.

Fræðsla Einhverfusamtakanna hefur aukið þekkingu og meðvitund margra í samfélaginu og viðhorf fólks hefur breyst til batnaðar á undanförunum árum. Það nægir þó ekki og ábyrgðin á ekki að liggja á herðum hagsmunasamtaka að fræða samfélagið. Auka þarf fræðslu til fólks sem starfar með einstaklingum í opinberri þjónustu og leggja meiri áherslu á hugmyndafræði mannréttinda, fötlunarfræða og margbreytilegra þarfa einstaklinga. Heilbrigðisstarfsfólk má því ekki vera undanskilið þessari fræðslu.

Fræðslan sem veitt á þó ávallt að vera byggð á upplýsingum frá viðkomandi aðilum og þeim sama hafa þekkingu til þess að veita hana. Til viðbótar við þá fræðslu sem Einhverfusamtökin hafa veitt er hægt að auka þá fræðslu mjög og er mikil þekking til staðar hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem er hægt að nýta.

Samfylkingin

Samfylkingin leggur mikla áherslu á mannréttindi í stefnu sinni og fræðsla er þar hornsteinn fræðslu. Fylgja þarf eftir að jafnréttisfræðsla í skólum um allt land taki einnig til réttindi fatlaðs fólks og einhverfs fólks og styðja við hagsmunasamtök eins og Einhverfusamtökin, sem sinna mikilvægu starfi í vitundarvakningu og réttindabaráttu.

Sósíalistaflokkurinn

Við viljum tryggja rekstrargrundvöll öflugra félaga sem starfa í þágu almannahagsmuna, hér má nefna starf Einhverfusamtakanna sem snýr m.a. að því að bæta þjónustu við einhverfa, standa vörð um lögbundin réttindi þeirra og stuðla að fræðslu um málefni fólks á einhverfurófi. Það er mjög mikilvægt að talsmenn hagsmunasamtaka séu á sem flestum

sviðum er viðkoma lífi og lýðheilsu. Ef samtökin hefðu áhuga á og getu til þess að víkka út fræðsluna þá væri það mjög gott þar sem það eru þau sem hafa þekkinguna og reynsluna á því sem þarf að fræða samfélagið um. Einnig mætti nýta þekkingu þeirra til að víkka út hvað þyrfti að gera í framhaldi varðandi fræðslu víðar.

Fræðsla og símenntun er mikilvægur þáttur sé litið til skólasamfélagsins og í því samhengi er mikilvægt að nefna að styðja þarf við nám kennara með öflugum hætti. Tryggja þarf að símenntun sé eðlilegur hluti af starfinu sem kennarar hafi tíma til að sinna.

Viðreisn

Viðreisn leggur áherslu á að Ísland sé samfélag fjölbreytileikans. Hluti af því er að tryggja að það sé pláss fyrir öll litbrigði mannglegrar tilveru í samfélaginu okkar. Við þurfum að tala um fjölbreytileikann og tryggja að á öllum skólastigum sé gætt að því að mismuna ekki börnum út frá neinum jaðarsettum breytum. Við eigum líka að gæta þess að vinnustaðir og félagasamtök utan skólakerfisins séu einnig

með fjölbreytileikann að leiðarljósi. Fordómar byggja á fáfræði og besta vopnið gegn mismunun eða útilokun ákveðinna hópa er að fræða og tryggja aðgengi að efni.

Einhverfusamtökin eiga hrós skilið fyrir sitt framlag.

Vinstri grænir

Það er lykilatriði að fræðsla fyrir kennara um geðheilsu, raskanir og fötlun sé aukin, bæði til að efla kennara og bæta umhverfi nemenda. Efla þarf ráðgjöf félagsráðgjafa og sálfræðinga í skólum til að styðja við geðheilsu barna og ungmenna.

6. Hver er ykkar afstaða til stofnunar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar?

Flokkur fólksins

Afstaða Flokks fólksins til stofnunar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar er jákvæð enda er hún nauðsynleg í samfélagi nútímans. Þekkingar- og nýsköpunarmiðstöð einhverfra hefur sárlega skort. Það þarf að setja upp miðstöð sem getur aðstoðað einhverfa við að gera það sem þá langar, nýta krafta sína sem best og ná tilætluðum árangri. Sú miðstöð sem hér um ræðir gæti leiðbeint fjölskyldum, aðstandendum og einhverfum sjálfum um þau málefni er einhverfu snerta.

Píratar

Samanber því sem var tekið fram að ofan að þá getur Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ekki annað þeim fjölda sem þarf á þjónustu og aðstoð stofnunarinnar að halda. GRR býr þó yfir mikilli sérfræðiþekkingu á einhverfurófsröskunum sem fær ekki að njóta sín til fulls. Píratar eru ekki með samþykktu stefnu um nauðsyn nýrrar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar, en í samræmi við stefnu flokksins um eflingu geðheilbrigðisþjónustunnar teldu Píratar að fyrsta skrefið væri að búa betur að þeirri þekkingu og reynslu sem finnst innan GRR. Þannig gæti ráðgjafarstöðin betur veitt fræðslu og ráðgjöf til annara stofnana og þeirra sem koma að málefnum fólks á einhverfurófi. Sem endranær leggja Píratar þó mikið upp úr samráði við sérfræðinga á viðeigandi sviðum og eru

ávallt tilbúnir að skipta um skoðun, eins og grunnstefna flokksins krefst, ef betri upplýsingar koma fram.

Samfylkingin

Samfylkingin er hlynnt því að bæta þjónustu við fatlað fólk, sem þarf að mæta þjónustu- og skilningsleysi innan kerfa samfélagsins. Ef hagsmunaaðilar telja að ný þjónustu- og þekkingarmiðstöð sé best til þess fallin að bæta stöðu hópsins verður það skoðað í víðu samráði við hagsmunasamtök og fagaðila.

Sósíalistaflokkurinn

Við sósíalistar erum jákvæð fyrir öllu sem miðar að því að koma þjónustu hins opinbera nær fólki eins og boðað er með þjónustu- og þekkingarmiðstöð. Kerfið á að aðlaga sig að þörfum fólksins en ekki öfugt og slíkt er góður liður í þeirri nálgun. Það er gríðarlega mikilvægt að tryggja aðgengi að upplýsingum fyrir þau sem eru að sækja þjónustu, jafnt sem aðstandendur svo að fólk fari ekki á mis við réttindi. Þá er ekki síður mikilvægt að upplýsingar hríslist um samfélagið í heild sinni, þar sem þekking og skilningur á fjölbreytileikanum er nauðsynlegt til að byggja upp gott og betra samfélag.

Viðreisn

Viðreisn hefur mikinn áhuga á að fylgjast með framvindu þess að stofna þjónustu- og þekkingarmiðstöð einhverfra. Slíkt gæti verið mikilvæg stoðþjónusta fyrir þennan mikilvæga hóp fólks í samfélaginu okkar. Slík stofnun gæti tryggt aukna virkni í samfélaginu, hjálpað til við að koma góðum hugmyndum og ástríðuverkefnum á legg og sinnt auknu fræðsluhlutverki, ekki síst fyrir fjölskyldur og vini og nærumhverfi einhverfra einstaklinga. Einhverfa er svo mismunandi og einstaklingsbundin og mikilvægt er að skoða hve stórt hlutfall einhverfra er utan vinnumarkaðar og sjá þá hvort slík miðstöð gæti verið liður í að stuðla að því að fjölbreytileikinn fái sannarlega að þrífast í íslensku samfélagi.

Vinstri grænir

Ekki hefur verið tekin formleg afstaða á vettvangi VG til stofnunar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir fólk á einhverfurófi, en það er eitthvað sem VG væri opin fyrir því að skoða.